

Nd.

296. Nefndarállt

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin ræður hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem eru á þgskj. 218.

Nefndin hefir talið nauðsynlegt að veita ýmsar viðbætur við 13. gr. í fjárlögnum 1916 og 1917. Eru þær veitingar flestar gerðar eftir ósk landsstjórnarinnar.

Skrifstofukostnaður landlæknis er ný veiting, en hún hefir við næg rök að styðjast. Engan sjerstakan kunnugleika þarf til þess að skilja, að landlæknir muni hafa eigi minni skrifstofustörf en t. d. biskup, og að þau muni vera sýnu óhjákvæmilegri, liggur í hlutarins eðli. Sýnist því lítið rjettlæti í því, að landlæknir borgi af launum sínum þá skrifstofuhjálp, sem honum er nauðsynleg; einkum þar sem laun hans eru lægri.

Aukning á ferðastyrk til augnlæknis stafar af því, að ferðirnar eru orðnar miklu dýrari en áður, og þykir eigi sæma að láta lækninn borga ferðakostnað úr sínum vasa, þar sem svo hefir verið til ætlað, að hann fengi hann endurgoldinn. Kveðst hann og alls ekkert geta farið með þeim kjörum, sem nú eru. Er því það eitt til, að veita sem þarf.

Læknirinn á Kleppi skýrði frá því, að nú væri ófáanlegt það ljósmeti, sem fyrst var notað, og að það væri auk þess all-óhentugt, og enn, að það væri hreinn voði að hafa steinolíulampa, sem hann hefði þó neyðst til að hafa siðastliðinn vetur. Vildi hann því fá rafljósastöð rekna með olíugangvjel, svo sem nú tíðkast víða, er rafafisfræðingur telur nú muni kosta 15000 kr., verkfærin, umbúnað og ljósáhöld. Nefndin sjer nauðsynina og leggur til, að fje þetta verði veitt eftir tilmælum ráðuneytisins.

Aukafjárveitingin til sjúkrahúsa og sjúkraskýla er eðlileg afleiðing þess, að peningar hafa fallið í verði og veitingin í fjárlögnum því hvergi nærri hrokkið. Væri nú eigi slíkar skaðabætur veittar, sem nefndin leggur til, þá mundi aukast gjald sjúklinganna, og mun sú ástæða ein ærin til veitingarinnar. Þessi skaðabót nemur 50% af áður veittum styrk.

Styrkur til sjúkraskýlisgerðar á Stórólshvoli er hjer veittur samkvæmt skilyrðum núgildandi fjárlaga. Átti hann að greiðast af fje því, sem þar er veitt, til að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, en það var þrotið.

Styrkurinn til sjúklinga með hörundsátu er óhjákvæmilegur, því að ella mundu sjúklingar á batavegi verða að snúa heim við hálfan bata.

Stjórnin hafði eigi sjeð ráð til þess að veita póstum svonefnda dýrtiðaruppbót eftir ályktun aukþingsins i vetur, og jafnvel eigi þótt nefndin lýsti yfir því í einu hljóði, að hún teldi þá ályktun ná til póstanna. En af því að stjórnin

beiddist þess, þá varð meiri hluti nefndarinnar við þeim tilmælum að setja í fjárukalögin eins konar endurveitingu og miða upphæðina við það, er stjórninni og pósthólmstara kæmi saman um, að næði best tilgangi tillögunnar og væri í mestu samræmi við aðrar skaðabætur fyrir verðfall á gjaldeyri landssjóðs, sem veittar hafa verið.

Breytingin á liðnum til afhendingar vega er gerð eftir skýrslu og tillögum vegamálastjóra.

Hlutfjelag það, er nefnist Breiðafjarðarbáturinn, hefir sýnt fram á það, að það hefir um langt skeið haldið uppi ferðum þar um slóðir og skaðast á því, og enn, að stríðið olli töfum á bátsmiði fjelagsins, svo að leigja varð óhallkvæman bát í staðinn. Varð skaðinn samkvæmt skýrslu fjelagsins 7500 kr. Það sótti um 6000 kr., en samgöngumálanefnd lagði til að veitt yrði 4000 kr. Þessa veitingu samþykkti fjárveitinganefnd, en tók enga afstöðu til þess, hvort bæri upphæðina skyldi veita.

Samgöngumálanefnd og fjárveitinganefnd hafa orðið sammála um að veita styrk til vjelbátaferða, til þess að ráða nokkra bót á því, að strandferðir eru svo fáar sem nú. Þessi fjárveiting er í samræmi við vilja aukapingsins í vetur sem leið. Með athugasemdinni er reynt að tryggja það, að fjárveitingin komi að fullum notum, en þó reynt að forðast að drepa niður framkvæmdum með skilyrðunum.

Um launaviðbót Einars Arnórssonar gerði nefndin svo hljóðandi ályktun með öllum atkvæðum:

»Nefndin lætur svo búið standa, sakir þess, að hún telur háskólanum nauðsyn að njóta starfskrafta þessa manns; en ekki vill hún að þetta sje forðæmi á ókomnum tímum«.

Sú venja er nú orðin föst, að vjer veitum 1000 kr. hverjum erlendum sendikennara, er önnur ríki senda hingað til háskólans, svo sem gert hafa Frakkland, Þýskaland og nú síðast Danmörk. Þess vegna taldi nefndin þessa fjárveitingu sjálfsagða, enda hafði stjórnin tekið þessá fjárveitingu inn í fjárlögin 1918 og 1919 og nefndin fallist á hana þar.

Um styrkveitingar til fjöggra skóla, er breytingartillögur nefndarinnar hniga að, er þessa að geta. Stjórnin hefir raunar lagt til ríflægri styrk handa þrem þeirra, og segir skóla þessa munu verða að hætta, ef eigi fáist svo hár styrkur. Nú er einn liður í umsóknum þessara skóla, að þeim sje veitt fje til að bæta laun kennara sinna. En þeir hafa þegar fengið meiri upphæð en þeir sækja um fyrir árið 1916, Kvennaskólinn í Reykjavík 2431,84 kr., Kvennaskólinn á Blönduósi 710 kr. og Flensborgarskólinn 2258,90 kr. Hins vegar er óráðið enn á þessu þingi, hversu fer um uppbót á launum 1917. Er því einsætt að draga þessar upphæðir frá umbeðinni upphæð. Umsóknir þessara skóla virðast byggðar á því, að landssjóður eigi að standa straum af þeim. En á það vill nefndin eigi fallast, og skírskotar þar til fyrri fjárlaganefnda og til hins, að skólar þessir standa eigi undir umsjón landsstjórnarinnar. Til þess eru og litlar líkur, að skólum landsins verði haldið uppi næsta vetur, og þykir nefndinni því eigi rjett að styrkja aðra skóla til starfa á næsta vetri. Um Flensborgarskólann er þess að geta sjerstaklega, að hann beiðist þess, að landssjóður borgi skuld sína frá því fyrir stríðið. Með því þótti nefndinni sem viðurkent væri, að skólahaldið ætti að hvíla á landssjóði, en það vill hún eigi. — Þó vill nefndin eigi neita skólum þessum um allan styrk, heldur vill hún

veita þeim upphæð, er geti bætt þeim að nokkru verðhækkun á eldsneyti og ljósmeti. —

Umsókn kom og frá verslunarskólanum, og mæltu allar ástæður með því, að hann fengi sama styrk að tiltölu, sem Kvennaskólinn í Reykjavík.

Þá er þess að geta um styrkinn til þess að reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar, að hann er feldur úr fjárukalögunum eftir beiðni stjórnarinnar. Er þess beiðst fyrir þá sök, að nú reynist ókleift að fá efni til húsgerðarinnar, en til skilið, að sama upphæð verði sett í fjárlögin.

Sigfús Blöndal, bókaforður, hefir um nokkurra ára skeið unnið að íslensk-danskri orðabók, og haft til þess styrk úr landssjóði Dana og að nokkru leyti úr landssjóði Íslands. Nú hefir hann fengið leyfi til dvalar hjer á landi, meðan hann lyki verkinu, og fjárveiting allríflega til þess að standa straum af embætti sínu á meðan. En til þess að lúka verkinu á þessum tíma, er honum vant aðstoðar, sem hann verður að kaupa, og ætlast hann til að sjer nægi 6000 kr. Þar sem orðasafn þetta er orðið allstórt hjá Sigfúsi og þar sem Björn Magnússon Olsen hefir látið honum í tje hið mikla safn sitt, er hann vann að í mörg ár, þá þótti nefndinni sjálfsagt að leggja til við þingið, að fje þetta væri veitt, og þá þessi hluti þess í fjárukalögunum. Getið skal þess og, að nefndin hafði sýnishorn, er henni gatst vel að, og að meðmæli fylgdu frá háskólakennaranum í íslenskri tungu.

Styrkinn til Jóns Pálssonar vildi nefndin veita til að vega á móti verðhækkun á nauðsynjum eða rjettara sagt verðfalli á peningum.

Sjóttá og sjöunda lið 7. gr. fellir nefndin úr eftir tilmælum stjórnarinnar.

Skadabætur til háseta á eimskipinu Assistent vill nefndin veita í samræmi við herleiðingarætur til farþeganna á Flóru.

Óhjákvæmilegt er að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík, og því nauðsyn að veita fje til.

Breytingar nefndarinnar á 9. grein þarf eigi að skýra. Þær eru sjálf-sagðar.

Alþingi, 3. ágúst 1917.

Pjetur Jónsson,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson.

Þorleifur Jónsson.

Matth. Ólafsson.

Benedikt Sveinsson,
(með fyrirvara).

Magnús Pjetursson.